

## Lög Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavík

1. Félagið heitir Vinstrihreyfingin – grænt framboð í Reykjavík. Heimili og varnarþing eru í Reykjavík.
2. Félagar eru jafnframt félagsmenn í stjórnmalasamtökunum Vinstrihreyfingunni – grænu framboði og eru öll markmið og skilyrði í samræmi við lög þeirra.
3.
  - a. Aðalfundur er æðsta vald félagsins og skal hann haldinn árlega í septembermánuði. Til aðalfundarins skal boða með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.
  - b. Á aðalfundi skulu bornir upp ársreikningar og skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Reikningsárið fylgir almanaksárinu og jafnframt skal lagt fram til kynningar ½ árs uppgjör yfirstandandi árs. Aðalfundur tekur afstöðu til lagabreytinga og skulu þær berast stjórn með viku fyrirvara. Aðalfundur ákveður upphæð félagsgjalds.
  - c. Stjórn félagsins skipa 7 aðalmenn og 2 til vara, sem kjörnir eru með eftirfarandi hætti: Aðalfundur kys formann til eins árs, 3 aðalmenn til 2ja ára, 2 varamenn og 2 skoðunarmenn reikninga til eins árs. Stjórn er heimilt að skipa uppstillingarnefnd sem gerir tillögu að formanni og nýrri stjórn félagsins.
4. Félagssfundu skal að jafnaði halda ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári og oftár ef a.m.k. fimmtíu félagsmenn óska þess.
5. Stjórn fer með málefni svæðisfélagsins milli aðalfunda. Fulltrúi kjörinn af tengiliðaráði Ungra vinstri grænna í Reykjavík hefur setu- og tillögurétt á stjórnarfundum félagsins.
6. Fyrir hverjar almennar kosningar skal stjórn VGR bera undir félagsfund hvort fari fram uppstilling eða forval við uppröðun á lista. Að því leyti sem ekki er annað ákveðið af félagsfundu gilda samræmdar lágmarksreglur hreyfingarinnar vegna uppröðunar á lista fyrir kosningar.
7. Þegar til landsfundar er boðað skal kalla til félagsfundar þar sem félagið kys sér landsfundarfulltrúa í samræmi við lög landssamtakanna.
8. Verði félagið lagt niður skulu eignir þess renna til líknarstarfsemi að vali síðustu stjórnar.
9. Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á aðalfundi 8. september 2014*